


Hringrás - Akureyri
Ægisnes 1
600 Akureyri



Akureyri, 18. júní 2013
Tilvísun: UST20120800027/gsá

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dagsett 2. maí 2013, þar sem áformað var að áminna Hringrás - Akureyri vegna tveggja frávika frá starfsleyfi sem fram komu við reglubundið eftirlit þann 2. október 2012.

Þau frávik sem Hringrás - Akureyri þarf að bæta úr á móttökustöð sinni eru eftirfarandi:

- Sýnataka og mæling á samsetningu fráveituvatns fór ekki fram fyrir tilsett tímamörk. Sýnataka fór hins vegar fram í annarri viku október sl. og bárust niðurstöður í nóvember sl. Magn olíu og sinks var við losunarmörk, en annað í lagi. Hins vegar **vantar mælingu á súrefnisþörf og svifögnum**, sjá ákvæði 5.2 um mælingu á samsetningu fráveituvatns sem fer um olúskilju.
- Hreinn aðskilnaður úrgangshauga er ekki fyrir hendi á athafnasvæði rekstraraðila. Í ákvæði 2.11 starfsleyfi segir að hreinn aðskilnaður skuli vera milli úrgangsflokka, svo lágmarka megi sambrunahættu.

Ekki hefur borist staðfesting á úrbótum né áætlun um úrbætur vegna framangreindra frávika. Umhverfisstofnun veitir því Hringrás - Akureyri áminningu, sbr. 2.mgr. 48. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Umhverfisstofnun veitir Hringrás - Akureyri frest til að senda inn áætlun um úrbætur til og með 2. júlí 2013.


Sinni Hringrás - Akureyri ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða fyrirtækinu dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 2. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 739/2003.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 261/2012, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is

Virðingarfyllst


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Afrit sent: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

